



Áveitan

9. tbl. 17. árgangur. September 2023

Tónahátíð í Flóahreppi

KORNSKURÐAR BALL

FÉLAGSLUNDI

29. SEPTEMBER 2023

HÚSIÐ OPNAR KL 21 OG BALLINU LÝKUR KL 02

HLJÓMSVEITIN

MEGINSTEYMI

HELDUR UPPI

STUÐINU

Verð 4000

Aldurstakmark 18 ára

Menningarnefnd &
Ungmennafélagið
Þjóttandi

FINNDU OKKUR Á
INSTAGRAM: MENNING Í
FLÓA
FB: TÓNAHÁTÍÐ Í
FLÓAHREPPI



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra

Kæru lesendur Áveitunnar



Enn einn mánuðurinn þotinn hjá á furðu miklum hraða. Haustið er aðeins farið að minna á sig eftir einstaklega gott og sólríkt sumar.

Starfsemi sveitarfélagsins er komin á fullt skrið og í nokkuð fastar skorður eftir sumarlokanir og frí starfsmanna. Skrifstofan í Þingborg opnaði þriðjudaginn 8. ágúst eftir verslunarmannahelgina, leikskólinn Krakkaborg tók við yngstu börnunum

okkar í sömu viku og Flóaskóli var settur þann 23. ágúst.

Líkt og komið var inn á í síðasta pistli þá unnu starfsmenn vinnuskólans gott starf við fegrun umhverfisins og starfsmenn á fasteignasviði héldu utanum ýmsar verklegar framkvæmdir og viðhaldsverkefni sem ráðist var í á meðan skóli og leikskóli voru lokaðir. Sem dæmi var skipt um glugga í Þjórsárverri, málun að innan og utan í nokkrum af fasteignum sveitarfélagsins, lagfæringar á tréverki og pöllum og margt fleira.

Útleiga á félagsheimilum hefur verið nokkuð mikil í sumar og hafa það verið að mestu ættarmót, hópar í gistingu, brúðkaup og aðrar veislur. Félagslundur og Þingborg henta vel fyrir hina ýmsu viðburði og fólk sem leigir húsin er ánægt með aðbúnað og aðstöðu sem boðið er uppá. Boðið er upp á ýmsa möguleika á leigu svo sem leigu á hluta af húsunum, leiga fyrir íþróttatíma, leiga fyrir barnaafmæli, skírnir,

fermingar, brúðkaup, ættarmót, fundaraðstöðu og á sumrin er hægt að leigja allt húsið með aðgengi að tjaldsvæði. Við hvetjum íbúa til þess að láta fólk vita af félagsheimilunum okkar fyrir hina ýmsu viðburði.

Vegagerðin vinnur nú að styrkingu og mölburði á hluta af vegum innan Flóahrepps og haustheflun á að hefjast fyrr en síðar. Því miður er ástand vega víða ekki gott hér í sveitarfélaginu og hefur sveitarstjórn vakið athygli á samgöngumálum í sveitarfélaginu með bókun frá fundi í ágúst. Bent er á skort á fjármagni til samgöngumála á svæðinu og atriði er varða umferðaröryggi á vegum innan sveitarfélagsins. Bókun sveitarstjórnar var send áfram á þingmenn kjördæmisins, Vegagerðina, ráðherra og inn í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Hluti af þeim sem fengu bókun sveitarstjórnar senda hafa komið í heimsókn í kjölfarið og einhverjir sett sig í samband við sveitarstjóra vegna málsins. Góðar samgöngur og umferðaröryggi skipta máli þegar fólk velur hvað það vill setjast að og einnig styður það við atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun í samfélaginu okkar.

Vinna við styrkingu á vatnsveitustofni frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum er farin af stað og verða íbúar á því svæði líklega varir við þær framkvæmdir næstu vikurnar. Samráð var haft við alla landeigendur sem við á vegna framkvæmdanna. Aðrar vatnsveituframkvæmdir hafa verið í gangi í sumar svo sem nýtingingar, styrkingar og lagfæringar á vatnsveitunni. Jón Valgeir og Steinn eru verktakar sem sinna verkefnum fyrir vatnsveituna og hægt er að ná í þá í vaksíma vatnsveitunnar ef vandamál koma upp.

Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði um raforkuöryggi á svæðinu á fundi sínum í ágúst. Í kjölfarið óskaði sveitarstjóri eftir upplýsingum frá Rarik um gildandi langtímaáætlun og þær framkvæmdir sem farið hefur verið í undanfarin ár og þær framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar. Það er mikilvægt að dreifikerfið verði styrkt enn frekar með lagningu jarðstrengja sem leysa loftlínur af hólmi enda algengast að þær rafmagnstruflanir sem við finnum fyrir séu af völdum loftlína á svæðinu.

Flóahreppur hefur gengið til samninga við Ísorku um uppsetningu á hleðslustöðvum við Þjorsárver. Framkvæmdirnar eru fjármagnaðar að hluta með styrk sem Flóahreppur fékk hjá Orkustofnun og gert var ráð fyrir öðrum kostnaði við uppsetningu í fjárhagsáætlun ársins. Einnig stendur til að setja upp nýja stöð við Þingborg. Með þessum framkvæmdum erum við að ýta undir orkuskiptin og hvetja starfsmenn okkar og aðra sem fara hér um til þess að nota rafmagnsbíla í stað bíla sem brenna eldsneyti.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs. tók til starfa 1. mars í breyttu formi eins og komið hefur fram áður í pistlum hér í Áveitunni. Aðalstarfsstöð þjónustunnar er í Laugarási en undir þjónustuna fellur félags- og velferðarþjónusta, þjónusta við aldraða og fólk með fötlun ásamt sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla í Uppsveitum og Flóa. Framundan er mótun framtíðarsýnar og frekari stefnumörkun fyrir byggðasamlaið og verður haldin vinnustofa þann 11. september með stjórnendum leik- og grunnskóla, starfsfólki þjónustunnar, sveitarstjórnarmönnum og fagteymi í kringum þjónustuna. KPMG hefur haldið utanum mótun nýrrar þjónustu í samvinnu við sveitarfélögin og starfsmenn.

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrismýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Laugardaga: 13:00 – 16:00

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is
Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrismýri. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg.

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á

opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal. Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslund og Þingborg. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 866-7870 eða á netfangið andrierlingsson@gmail.com.

Opnunartími skrifstofu:

Minum á að opnunartími skrifstofu er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdís bókarí og launafulltrúi: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Athygli er vakin á því að skrifstofa Flóahrepps verður lokuð dagana 21. og 22. september þar sem starfsmenn skrifstofu og sveitarstjórn sækja fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2023.

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 5. september kl 9:00 í Þingborg.

Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri



Fréttir frá Flóaskóla.



Kæra skólasamfélag

Skólastarf fer prýðilega vel af stað og allt útlit fyrir gott skólaár framundan. Skólasetning fór fram í Þjorsárverri 23. ágúst síðastliðinn, í yndislegu veðri. Það var gaman að sjá hversu margir komu til að vera við skólasetninguna. Eins og ég sagði þar þá tel ég gott samstarf heimila og skóla afar mikilvægt fyrir farsæla skólagöngu barnanna. Ég hlakka til samstarfsins á komandi vikum, mánuðum og árum.

Í þessari viku fóru allir nemendur skólans í haustferðir sem gengu mjög vel. Ferðirnar eru liður í að kynna fyrir nemendum landið og náttúruna í þeirra nánast umhverfi auk þess sem þeim er ætlað að efla félagsfærni og félagstengsl í hópunum.

Næstkomandi föstudag koma dönsku gestirnir okkar, það eru um 20 manns, nemendur og kennarar úr Gudenåskolen. 10. bekkur, Maríanna verkefnisstjóri Nordplus samstarfsins og Elmar umsjónarkennari 10. bekkjar, taka á móti þeim og bera hitann og þungan af dagskrá og utanumhaldi ásamt foreldrum 10. bekkinga. Nemendurnir gista að hluta til í Þjorsárverri og að hluta heima hjá 10. bekkingum. Farið verður í ýmsar ferðir í nágrenninu auk þess sem nemendur kynnst íslensku skólastarfi og íslenskum sveitaheimilum. 10. bekkurinn okkar verður með hópnum í öllum ferðum. Á vorönn fara svo okkar nemendur í 10. bekk til Danmerkur.

Í september kemur Eyjólfur Eyjólfsson söngvari og þjóðfræðingur til okkar og vinnur að smíðum langspila með nemendum í 5. og 6. bekk. Líkt og síðasta vetur mun Sindri Mjöllnir leikari setja upp leikrit með elstu nemendunum og hefst sú vinna í september.

Viðburðadagatal skólaársins er að verða tilbúið og verður birt á heimasíðu skólans innan tíðar. Þar er líka að finna ýmsar upplýsingar tengdar skólanum og skólastarfinu þ.á.m. matseðill og skóladagatal. Flóaskóli er einnig með síðu á Facebook þar sem birtar eru fréttir af starfinu og fleira.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla,
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri



AÐVENTUTÓNLEIKAR

7.DESEMBER 2023

Í FLÓAHREPPI



Kæru sveitungar
Menningarnefnd í samstarfi við
Berglindi Björk Guðnadóttur stendur
fyrir fjölskyldu aðventutónleikum.
Við köllum eftir áhugasömum til að
vera þátttakendur í kór og / eða vera
með tónlistaratriði.
Áhugasamir hafi samband við
Berglindi S.866-5730
beggdav@gmail.com



Vetrarstarf Umf. Þjótanda 2023-2024

Æfingar fyrir **2.- 4. bekk** verða á föstudögum innan stundatöflu Flóaskóla, hefjast eftir hádegismat og eru til kl. 13:45.

Æfingarnar verða fyrst um sinn haldnar á íþróttasvæðinu við Flóaskóla en færast yfir í Þingborg þegar veður versnar. Þjálfari Örvar Rafn Hlíðdal. Fyrsta æfing 1. september.

Skráning fyrir veturinn þarf að berast fyrir fyrstu æfingu á netfangið orvar@floaskoli.is

Æfingar fyrir **5.-6. bekk** verða í Þingborg á þriðjudögum. Rúta keyrir frá Flóaskóla kl 13:40 og æfingunni líkur kl 15:30.

Foreldrar sækja í Þingborg. Þjálfari Guðmunda Bríet Steindórsdóttir. Fyrsta æfing 5. september.

Skráning fyrir veturinn þarf að berast fyrir fyrstu æfingu á netfangið orvar@floaskoli.is svo hægt sé að skipuleggja akstur.

Æfingar fyrir **7.-10. bekk** verða í Þingborg á þriðjudögum frá 16:00-17:30. Þjálfari Örvar Rafn Hlíðdal. Foreldrar keyra og sækja. Fyrsta æfing 5. september.

Á Þjótandaæfingum verða stundaðar fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í bland við leiki og frjálsar íþróttir. Foreldrar eru hvattir til að skiptast á um akstur til og frá æfingum.

[Glímuæfingar hefjast í september og verða auglýstar fljótlega.](#)

Allar íþróttæfingar Umf. Þjótanda eru gjaldfrjálsar, en foreldrar eru hvattir til að greiða árgjald félagsins þegar það verður innheimt.



Messuplan til áramóta

Hér á eftir koma upplýsingar um messur í Flóahreppi fram til áramóta.

Athugið breyttan messutíma í Hraungerðis og Villingaholtskirkjum, það er klukkan 14.00.

Villingaholtskirkja

15. október kl. 14:00

25. desember kl. 11:00

Hraungerðiskirkja

12. nóvember kl. 14:00

26. desember kl. 11:00

Laugardælakirkja

25. desember kl. 13:00

Gaulverjabæjarkirkja

17. september kl. 14:00

19. nóvember kl. 14:00

25. desember kl. 15:00

Sóknarnefndir

Frá Kvenfélögum í Flóahreppi

Laugardaginn 4. nóvember n.k. verða kvenfélögin með sinn margrómaða basar í félagsheimilinu Þingborg frá kl 13:00 - 17:00.

Takið daginn frá.

Nánar auglýst er nær dregur.

Kvenfélögin í Flóahreppi

Frá Umf Þjótanda

Vel heppnað Unglingalandsmót

Nokkrar fjölskyldur úr Flóahreppi mættu á Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðarkróni um verslunarmannahelgina. Mótið hófst snemma á föstudagsmorgni þannig að allir voru mættir á HSK svæðið á fimmtudeginum og komu sér vel fyrir. Mótið var í Fullum gangi alla helgina frá kl 9 – 18. Krakkarnir úr Þjótanda spreyttu sig í fjölmörgum greinum eins og t.d. frjálsum íþróttum, knattspyrnu, körfubolta, handbolta, blaki, skotfimi, frisbýgolfi, hjólreiðum, skák og kökuskreytingum. Á kvöldin voru svo tónleikar í stjóra tjaldinu og á sunnudagskvöldinu var brekkusöngur og glæsileg flugeldasýning í lokin. Dagskrá og skipulag mótsins var til fyrirmyndar og nutu krakkarnir sín afar vel við leik og keppni.

Næsta unglíngalandsmót verður í Borgarnesi að ári og er vonandi að enn fleiri mæti þangað.

Flóamót

Nú stýttist í okkar árlega Flóamót sem er frjálsíþróttamót fyrir krakkana í Flóaskóla. Dagsetning er ekki ákveðin en mótið verður haldið á íþróttavellinum við skólann, strax eftir hádegismat og lýkur áður en skólabílar leggja af stað heim. Við munum fylgjast með veðurspám og auglýsa mótið með tölvupósti til foreldra þegar nær dregur.

Eins og alltaf er öll aðstoð vel þegin við mótið og biðjum við foreldra sem hafa tök á að mæta og bjóða sig fram til starfa, margar hendur vinna létt verk.

Stjórn Þjótanda

Úrslit frjálsíþróttamóta

Héraðsmót HSK 16. ágúst 2023 á Selfossvelli

Helgi Reynisson

8.sæti	100 m hlaup	13,93 sek
5.sæti	200 m hlaup	29,06 sek
3.sæti	Hástökk	1,42 m
2.sæti	Stangarstökk	2,80 m
5.sæti	Langstökk	4,64 m
3.sæti	Þrístökk	10,50 m

Unglingalandsmót UMFÍ 4. ágúst 2023 á Sauðárkróki

Helgi Reynisson 15 ára

6.sæti	100 m hlaup	14,07 sek
2.sæti	100 m grind	18,95 sek
2.sæti	Hástökk	1,52 m
4.sæti	Langstökk	5,05 m
2.sæti	Kringlukast 1 kg	31,10 m
6.sæti	Kúluvarp 4 kg	8,90 m
5.sæti	Spjótkest 600 gr	30,63 m

Hrafnkell Hilmar Sigmarsson 13 ára

11.sæti	Langstökk	2,96 m
---------	-----------	--------

Lilja María Axelsdóttir 11 ára

6.sæti	60 m hlaup	9,77 sek
9.sæti	600 m hlaup	2:21,15 mín
7.sæti	Hástökk	1,07 m
4.sæti	Langstökk	3,63 m
11.sæti	Kúluvarp 2 kg	5,57 m
12.sæti	Spjótkest 400 gr	9,91 m

Kristján Reynisson 11 ára

19-20.sæti	60 m hlaup	10,44 sek
7.sæti	600 m hlaup	2:13,05 mín
13-15. sæti	Hástökk	1,00 m
7.sæti	Langstökk	3,58 m
12.sæti	Kúluvarp 2 kg	5,74 m
14.sæti 1	Spjótkest 400 gr	4,85 m

Ottó Ingi Annýjarson 11 ára

29.sæti	60 m hlaup	11,04 sek
13-15.sæti	Hástökk	1,00 m
17.sæti	Langstökk	3,11 m

Viktor Logi Tello 11 ára

30.sæti	60 m hlaup	11,10 sek
21.sæti	Langstökk	2,44 m

Skemmtiferð 60 ára og eldri í Flóahreppi

Að venju standa kvenfélögin í Flóahreppi fyrir skemmtiferð fyrir íbúa 60 ára og eldri sem farin verður fimmtudaginn 14. sept. næstkomandi.

Að þessu sinni er ferðin fyrirhuguð um Flóann og víðar eða Ásgrímsleiðina. Leiðsögumaður verður Hannes Stefánsson. Rúta frá Guðmundi Tyrfingssyni verður við Þingborg kl 13:00, við Þjórsárver kl 13:15 og við Félagslund kl 13:30.

Þátttaka tilkynnist fyrir 13.september.

Margrét Gerðum s.864-1908

Sigríður Hallanda s. 824-5598

Kristín Hurðarbaki s. 862-3417

Ferðanefndin

Dagskrá mánaðarins:

Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	1. sept
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	5. sept
Fundur sveitarstjórnar	5. sept
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	8. sept
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	12. sept
Skemmtiferð 60 ára +	14. sept
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	15. sept
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	17. sept
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	19. sept
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	22. sept
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	26. sept
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	29. sept
Kornskurðarball	29. sept